

SAGA1NM05 fjarkennsla Námsáætlun Vorönn 2020

Kennari	Þröstur Ásmundsson	Sk.st.	ÞRÁ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Í þessum byrjunaráfanga er sögunni fylgt í tímaröð frá fornöld fram til um 1800. Ýmis efni úr sögu Evrópu og Íslands valin, t.d. menningarheimur miðalda, víkingaöld og landnám Íslands, ný heimsmynd á tímum endurreisnar, vísindabyltingar, landafunda og siðaskipta um 1500. Lögð er áhersla á að nemandinn geti staðsett sig í samhengi sögunnar, sett sig í spor fólks frá ýmsum tímum og sjái tengsl við umhverfi sitt og samhengi á milli tímabila.

Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tímaskeiðum mannkynssögunnar, hvað markar upphaf þeirra og endi og hvað einkennir þau
- helstu hugtökum og atburðum tímabilsins með sérstakri áherslu á Íslandssögu
- mismunandi menningarheimum
- undirstöðuatriðum sagnfræði sem fræðigreinar og mismunandi tegundum heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina meginþætti og álitamál í sögulegri framvindu
- leita eftir mismunandi sjónarhornum og mynda sér skoðun á sögulegum málefnum
- leita samhengis og tengsla milli tímabila
- meta orsakir og afleiðingar í sögunni
- tengja samtímaatburði við liðna tíma

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sjá sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- setja sjálfan sig í samhengi sögunnar og í spor fólks á ýmsum tímum
- taka þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafningjum um söguleg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum
- skilja gildi og afstæði sögulegrar frásagnar og skýringa

Námsgögn:

Fornir tímar. Höf. Gunnar Karlsson, Útg. 2003 eða nýrri..

SAGA1NM05 fjarkennsla Námsáætlun Vorönn 2020



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttar:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni Lesi viðeigandi kafla, svara vel spurningum í verkefnum og skila	Vægi námsmatspáttar
Lota 1	Að læra sögu og læra af sögu	Lesi upphafskafla kennslubókar	3%
Lota 2	Grikkir	I.6-I.11	3%
Lota 3	Rómverjar	I.12-16	3%
Lota 4	Menning miðalda	II.2-4	3%
Lota 5	Þjóðveldið	II.5-12	3%
Lota 6	Mannlíf á Íslandi á miðöldum	II.13-16	3%
Lota 7	Sturlungaöld	II.17-18	5%
Lota 8	Síðmiðaldir, kreppa og plága, hrun Noregsveldis o.fl.	II.19-23	3%
Lota 9	Ný heimsmynd, siðaskipti o.fl.	III.1-5	3%
Lota 10	Endurreisn, landafundir o.fl.	III.6-9	3%
Lota 11	Líf í sveitum og borgum	IV.1-12	3%
Lota 12	Upplýsing, einveldi og byltingar	VI.1,11,12	5%

Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar		Vægi
12 Verkefni	Spurningar úr efni kaflanna í kennslubókinni.		40%
Lokapróf	Efnisspurningar, krossaspurningar, hugtakaskýrningar		60%
	Samtals:		100%

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.: 27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

SAGA1NM05 fjarkennsla Námsáætlun Vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemendur þurfa að ná 4 á lokaprófi til að vetrarvinna komi til einkunnar.

Dagsetning:

16. janúar 2020

Jóhanna Ásmundsdóttir
Undirritun kennara

Ástma Þórunn
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils